

**Bréf umhverfis- og skipulagssviðs dags. 20. desember 2021 vegna auglýsingar á tillögu að breytingu á deiliskipulagi lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg.**

Góðan dag,

Það tilkynnist hér með að auglýsing vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg, birtist í Fréttablaðinu þriðjudaginn 21. desember nk. Tillagan er í kynningu frá 21. desember 2021 til og með 2. febrúar 2022. Hægt er að nálgast gögn á meðfylgjandi slóð <https://reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/kollunarklettsvegur-1>

Á fundi skipulags- og samgönguráðs þann 1. desember 2021 og borgarráðs Reykjavíkur þann 9. desember 2021 var samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Klettasvæðis vegna lóðarinnar nr. 1 við Köllunarklettsveg. Í breytingunni felst hækkun á núverandi byggingu úr tveimur hæðum í fjórar hæðir, stækkun á byggingarreit til suðvesturs til að koma fyrir viðbyggingu fyrir flóttastiga og breyting á fjölda bílastæða samkvæmt reglum um fjölda bíla- og hjólastæða í Reykjavík. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillöguna má einnig nálgast á skjá og tölvu í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:30 – 16:00 frá **21. desember 2021 til og með 2. febrúar 2022**. Einnig má sjá tillöguna á vefnum, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), skipulag í kynningu. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. **Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið [skipulag@reykjavik.is](mailto:skipulag@reykjavik.is), eigi síðar en 2. febrúar 2022. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

mkv.

**Þuríður Guðmundsdóttir**

Skrifstofufulltrúi

Sími/Tel.: +354 411 1111 / 411 1111

[thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is](mailto:thuridur.gudmundsdottir@reykjavik.is)



Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar  
Borgartúni 12–14, 105 Reykjavík  
[www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)